

Nd.

252. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútlvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi:
Fyrir 1. febrúar 1947 leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi tillögur um stöðvun dýrtíðarinnar og þær ráðstafanir, sem nægja til þess að framleiðslan geti orðið arðvænleg, og tekjur þeirra, sem að henni starfa, það miklar í hlutfalli við tekjur annarra, að framleiðslustörfin verði eftirsóknarverð.
2. 9. gr. falli niður.